

Frumvarp til laga

um

heimild handa landsstjórninni til ráðstafana til tryggingar aðflutningum til landsins.

(Lagt fyrir alþingi 1916).

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að setja með reglugjörð eða reglugjörðum þau ákvæði um verslun og siglingar til og frá landinu, er nauðsynleg þykja til þess að tryggja aðflutninga til þess. Í reglugjörð má ákveða sektir fyrir brot á henni og meðferð mála út af brotum gegn henni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Síðastliðinn vetur hertu ófriðarríkin mjög reglur þær, er þau ætluðu sjer að fylgja gagnvart hlutlausum löndum. Gagnvart Íslandi kom þetta fram í því, að breska stjórnin ákvað að sleppa engu af aðalafurðum landsins til neinna þeirra landa, er ófrið háðu við Breta eða bandamenn þeirra, nje til Norðurlanda eða Hollands. Ennfremur buðust Bretar til að kaupa með verði, er sæmilegan ágóða gæfi, þessar afurðir að svo miklu leyti sem eigi væri hægt að selja þær til þeirra landa, er Bretar ætluðu að lofa þeim að ganga til. Þá gerðu Bretar og þá kröfu, að skip, sem flyttu þessar vörur hjeðan, kæmu við í breskri höfn, og að vörur þessar yrðu boðnar til kaups umboðs-

manni bresku stjórnarinnar fyrir fyrirfram ákveðið verð. Hinsvegar hjetu Bretar því, að Ísland skyldi fá hjá þeim kol, salt og aðrar nauðsynjar, en að eigi yrði leyfður útflutningur á vörum frá Bretlandi til Íslands, nema gengið væri að þessum skilmálum. En til þess að löglega væri hægt að gera ákvæði um skyldu skipa, sem hjeðan sigla, til viðkomu í breskri höfn, og um framboð á vörum, sem hjeðan skyldu fara til hinna undanteknu landa, áður en þær yrðu þangað sendar, þurfti lagaheimild. Bæði stjórnin og nefnd sú, sem alþingi 1915 kaus til ráðuneytis stjórninni í slíkum málum sem þessum, taldi óhjákvæmilegt að koma á samkomulagi við Breta á þá lund, sem að var vikið, því að svo þótti sem annars væri vist, að aðflutningur til landsins á ýmsum helstu nauðsynjavörum heftist alveg, og að enginn markaður yrði fyrir ýmsar afurðir landsins. Fyrir því varð það að ráði, að leitað var staðfestingar konungs á bráðabirgðalögum þeim, sem hjer eru prentuð sem fylgiskjal og samhljóða eru frumvarpi því, sem að framan greinir. Samkvæmt heimildinni í tjeðum bráðabirgðalögum hefur svo stjórnin með ráði tjeðrar nefndar sett þau reglugjörðarákvæði, sem nauðsynleg hafa verið til þess að fullnægja áður nefndum kröfum Breta um viðkomu skipa hjeðan í breskri höfn og um framboð á vörum til umboðsmanns Breta hjer.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög

um

**heimild handa landsstjórninni til ráðstafana til tryggingar
aðflutningum til landsins.**

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Stjórnarráð Vort fyrir Íslandi hefur þegnsamlegast tjáð Oss, að nauðsynlegt sje nú þegar að gjöra ýmsar ráðstafanir til þess að innflutningur varnings til Íslands frá Bretlandi heftist eigi með öllu, og verðum Vjer því að telja brýna nauðsyn til þess að gefa út bráðabirgðalög sam-

kvæmt 11. gr. stjórnarskrárinnar, um heimild handa landsstjórninni til ráðstafana til tryggingar aðflutningum landsins.

Því bjóðum Vjer svo og skipum:

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að setja með reglugjörð eða reglugjörðum þau ákvæði um verslun og siglingar til og frá landinu, er nauðsynleg þykja til þess að tryggja aðflutninga til þess. Í reglugjörð má ákveða sektir fyrir brot á henni og meðferð mála út af brotum gegn henni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur að hegða sjer.

Gefið á Sorgenfrihöll, 24. maí 1916.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Einar Arnórsson.